

Verkefni ritstjórnar Læknablaðsins

Árið 2005, 91. ár Læknablaðsins, var að minnsta kosti um tvennt sérstakt í sögu þess. Í fyrsta lagi tókst, í annarri eða þriðju tilraun að fá vísindahluta blaðsins skráðan í gagnagrunn Bandaríska læknisfræðibókasafnsins (National Library of Medicine, NLM). Við getum verið sátt við þennan áfanga. Helzta hindrunin var augljós, smæð íslenzks málsamfélags. Áður en markinu var náð þurfti að gera nákvæma grein fyrir efni blaðsins, þar með talið ritstjórnarferli ritryndra greina og inntaki þeirra eftir því sem kostur var. Við nutum ómetanlegrar aðstoðar íslenzkumælandi lækna sem áratugum saman hafa starfað við þekktar bandarískar háskólastofnanir. Við stöndum í sérstakri þakkarskuld við prófessorana Gunnlaug P. Nielsen við Harvardsháskóla, Kristján T. Ragnarsón við Mount Sinai í New York og Snorra Þorgeirsson við National Institutes of Health fyrir að veita Læknablaðinu þann trúverðugleika gagnvart NLM, sem nauðsynlegur var.


Hinn meginatburður ársins 2005 snerist um ritstjórnarstefnu Læknablaðsins og vinnulag ritstjórnar. Ritstjórnin klofnaði um þessi atriði og hætti störfum síðastliðið haust, ýmist sjálfviljug (5) eða nauðug (1).

Á hvorntveggja atburðinn má líta sem áfanga í þroskaferli. Þátttakan í gagnagrunni NLM leggur okkur ótvíræðar skyldur á herðar, sem við höfum heitið að sinna af kostgæfni. Með þessari þátttöku höfum við til að mynda tekið að okkur að rækja vissar skyldur hvað við kemur ritryni, fjölda ritryna og hugsanlegum hagsmunatengslum og hagsmunarárekstrum þeirra. Við höfum til dæmis ábyrgt, að öll hugsanleg hagsmunatengsl sem snúa að höfundum og ekki sízt ritstjórn, verði undantekningarlaust gerð opinber. Höfundar vísindagreina verða hér eftir að útskýra eðli og uppruna alls þess fjár sem nýtt var við viðkomandi rannsókn, sömuleiðis eigin tengsl við styrktaraðila.

Síðari atburður ársins 2005 leiddi í ljós algjöran skort á ritstjórnarstefnu og vinnureglum ritstjórnar. Vissulega er það svo, að rit eins og Læknablaðið siglir oftast lygnan sjó þannig að sjaldan reynir

á ritstjórnarstefnu og innra vinnulag ritstjórnar. Læknablaðið er vísindarit í læknisfræði og jafnframt vettvangur umræðu heilbrigðisþjónustu í víðasta skilningi. Þetta tvíþætta hlutverk er engan veginn einstakt fyrir íslenzka læknablaðið heldur er það dæmigert fyrir læknablöð beggja vegna Atlantshafsins. Reynsla undanfarinna mánaða sýnir, að ekkert okkar virtist hafa leitt að því hugann hvernig blað eigendur Læknablaðsins, það er að segja meðlimir læknafélaganna og þannig í reynd allir íslenzkir lækna vilja að blaðið sé. Til hvers ætlumst við af Læknablaðinu og hvað ber okkur að gera eða forðast að gera ef við viljum veg þess sem mestan? Enginn vafi leikur á því, að Læknablaðið er vettvangur umræðu um heilbrigðismál í víðasta skilningi. Þar er ekkert efni utan landhelgi og nægir sú réttlætning ein til umræðu í blaðinu, að eigendur þess telji málið umfjöllunarvert. Ljóst er að umræða verður að vera snörp og opinská. Við verðum hins vegar að taka til þess afstöðu hvernig sú umræða fer fram. Það er til dæmis afdráttarlaus sannfæring þess, sem þetta ritar að skrif að hominem nafngreindum einstaklingum, læknum eða öðrum til lasts, eigi ekki heima í Læknablaðinu. Aðrir íslenzkir prentmiðlar hafa svo um munar haslað sér völl í umfjöllun um nafngreint fólk. Læknablaðið lætur þessum miðlum með ánægju eftir umræðu af því tagi. Eins er farið um langæjar ritdeilur einstakra lesenda, deilur sem með tímanum verða öðrum lesendum til ama og þreytu. Í slíkum tilvikum er það skylda ritstjórnar að taka af skarið og ákvarða hvar mörk skulu dregin.

Það er brýnt er að ritstjórn Læknablaðsins í umboði eigenda þess setji fram skýra ritstjórnarstefnu, lýsi því hvernig blað við viljum að Læknablaðið sé. Sömuleiðis, að samdar verði reglur um vinnulag, samskipti og dreifingu ábyrgðar innan ritstjórnar. Sú ritstjórn sem skipuð var 1. desember síðastliðinn mun helga næstu mánuði þessu verkefni. Afraksturinn munum við síðan birta lesendum blaðsins, ýmist í prent- eða netútgáfu þess.



Jóhannes Björnsson

johbj@landspitali.is

The Editorial Board's Agenda

Jóhannes is Professor and Chairman, Department of Pathology, Landspítali University Hospital, and Editor-in-Chief of The Icelandic Medical Journal.

Höfundur er meinafræðingur og ábyrgðarmaður Læknablaðsins.